

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
B.t. Hrafnkels Á. Proppé
Hamraborg 9
200 KÓPAVOGUR

Reykjavík, 20. september 2018
Tilvísun: 2018090002/10.1

**Efni: Sameiginleg umsögn um tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu
Höfuðborgarsvæðið 2040 ásamt drögum að umhverfisskýrslu, varðandi breytt vaxtarmörk
við Álfsnes og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, iðnaðarsvæði fyrir
efnisvinnslu í Álfsnesi.**

Ísáð er til tölvubréfs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) dags. 23. ágúst 2018 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðið 2040 ásamt drögum að umhverfisskýrslu, varðandi breytt vaxtarmörk við Álfsnes. Í erindinu var enn fremur bent á að samhliða tillögunni væri til auglýsingar breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, iðnaðarsvæði fyrir efnisvinnslu í Álfsnesi og fylgdi aðalsskiplagstillagan erindinu. Umhverfisskýrsla er sameiginleg fyrir báðar tillögurnar. HER hefur farið yfir erindið og því gögn sem því fylgja og gerir eftirfarandi umsögn um báðar tillögurnar:

Almennt

Þann 21. mars 2018 gaf HER umsögn til SSH vegna breytingar á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðið 2040 varðandi breytta afmörkun vaxtarmarkna atvinnusvæðis í Álfsnesvík. Einnig veitti HER umsögn dags. 19. febrúar 2018 um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýs deiliskipulags fyrir efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík. HER vísar til fyrri umsagna og eru þær meðfylgjandi. HER telur vel rökstutt að afmarka athafnasvæðið á þessum tiltekna stað á Álfsnesi en vill eins og áður benda sérstaklega á að grugg- og setmyndun frá starfseminni gætu haft áhrif í Leirvogi sem er skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki og haft áhrif á gengd laxfiska upp í Leirvogsa. Ekki er tekið á þessum þætti í umhverfisskýrslu sem fylgir fyrirbyggjandi tillögum, úr því þarf að bæta að mati HER. Þá þarf að gæta þess að starfseminni sé gefið nægt pláss í skipulagi þar sem mikilvægt er að landrými sé fyrir settjarnir til hreinsunar á frárennsli frá efnisvinnslu en ekki fæst séð af umhverfisskýrslu að slíkt hafi verið athugað sérstaklega og þarf einnig að bæta að mati HER. Þá kemur fram í umhverfisskýrslu að ekki er til staðar fráveitukerfi sem starfsemin getur tengst en ekki er tekið á því hvaða lausn er fyrirhuguð á því. Ljóst er að með aukinni uppbyggingu á svæðinu þarf að huga að uppbyggingu fráveitukerfis. Taka þarf á því í aðalskiplagstillögu að mati HER. HER bendir einnig á að fara verður betur í áhrif flutnings starfsemi Björgunar á þennan stað hvað varðar loftgæði og hljóðvist.

Athugasemdir við einstaka atriði í umhverfisskýrslu

Á bls. 6, í þætti 2. Loftgæði, segir í lið 2.2 að óveruleg áhrif verði á losun gróðurhúsalofttegunda vegna aukinnar umferðar. HER bendir á að starfsemi Björgunar krefst mikilla þungaflutninga á efni og með flutningnum eykst sú vegalengd sem þarf að keyra til að sækja efni miðað við núverandi staðsetningu. Slíkt getur haft meiri losun í för með sér auk meiri áhrifa á loftgæði við stofnæðar til og frá svæðinu. Því telur HER að ekki sé nóg að líta eingöngu til losunar gróðurhúsalofttegunda og telja áhrif á loftgæði óveruleg vegna skermunar lóðarinnar sjálfrar eins og sett er fram í lið 2.1.

Á bls. 6, í þætti 3. Samfélag, segir í lið 3.2. um lýðheilsu að einhver áhrif verði á hljóðvist en þau verði óveruleg. HER telur að skoða þurfi þennan þátt betur þar sem hækkað hlutfall þungra bifreiða í heildarumferð umtalsverð áhrif á hljóðvist. HER bendir á og telur mikilvægt að metin séu áhrif mögulegrar hávaðamengunar frá starfseminni sjálfri. Athuga þarf hvort hávaði geti magnast upp við endurkast í Esjuhlíðum eins og raunin er með hávaða frá nærliggjandi skotvöllum. Auk þess þarf að meta hvort hávaði frá hörpun og dælingu úr skipum geti borist að íbúðarbyggð á Kjalarnesi. Gera þarf grein fyrir þessu undir þessum lið.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Kristín Lóa Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Samrit sent:

Skrifstofa skipulagsfulltrúa, Borgartún 12-14,
105 Reykjavík

Meðfylgjandi:

Umsögn HER vegna breytingar á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins, dags. 21. mars 2018,

Umsögn HER um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýs deiliskipulags fyrir efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík, dags. 19. febrúar 2018.